

## 12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húsavíkur skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. mars 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 337, 29. júní 1989 með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytið, 19. febrúar 1991.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Brautarholts í Skeiðahreppi.

## 1. gr.

Hitaveita Brautarholts selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. og staðfesta reglugerð Hitaveitu Brautarholts.

## 2. gr.

Hitaveitan lætur þeim húsum, sem tengd eru veitukerfi hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar, enda séu hitakerfi nógu stór að dómi hitaveitunefndar.

## 3. gr.

Hitaveitan lætur setja rennismæla á inntök þeirra húsa, sem tengd eru hitaveitunni.

## 4. gr.

Hitaveitunefnd lætur lesa af mælum hitaveitunnar á tveggja mánaða fresti. Ef mælir bilar áætla hitaveitunefnd vatnsnotkunina með hliðsjón af fyrri notkun, þar til viðgerð hefur farið fram.

## 5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Vatnsgjöld:
 

Vatn um mæli kr. . . . .	kr.	22,00 á m <sup>3</sup> .
--------------------------	-----	--------------------------
2. Mælagjöld á mánuði:
 

a) Fyrir mæla allt að ¼" . . . . .	kr.	408,00
b) Fyrir mæla allt að 1"-2" . . . . .	kr.	816,00
3. Hitaveitunefnd hefur heimild til að gefa stórum notendum aflslátt frá þessu gjaldi.
4. Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur samkvæmt lögum og reglum á hverjum tíma.

## 6. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda samkv. 5. gr. eru sem hér segir:

Fyrir janúar-febrúar 20. mars. Fyrir mars-apríl 20. maí. Fyrir maí-júní 20. júlí. Fyrir júlí-ágúst 20. september. Fyrir september-október 20. nóvember. Fyrir nóvember-deseember 20. janúar.

Gjöldin skal greiða til innheimtumanns hitaveitunnar, eða innheimtustofnunar, sem hann vísar til.

## 7. gr.

Heimædagjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa og vera sem hér greinir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 400 m <sup>3</sup> . . . . .	kr.	88 900,00
Hús 400–2000 m <sup>3</sup> . . . . .	kr.	88 900,00
Fyrir 400 m <sup>3</sup> og á hvern rúmmetra þar fram yfir . . . . .	kr.	72,00
Hús stærri en 2000 m <sup>3</sup> . . . . .	kr.	205 000,00
og á hvern rúmmetra þar fram yfir . . . . .	kr.	61,00

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli umfram einn á sama inntaki er . . . . . kr. 3 600,00  
Heimædagjald er gjaldkræft, þegar tenginu heimæðar er lokið.

## 8. gr.

Hitaveitu Brautarholts er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkv. 7. gr. í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins.

## 9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að láta loka fyrir rennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 1.910,00 hverju sinni.

## 11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans viðgerðir vegna bilana og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

## 12. gr.

Gjaldskrá þessi sem hreppsnefnd Skeiðahrepps hefur samið og samþykkt, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til þess að taka gildi 1. mars 1991. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 18, 12. janúar 1990.

*Iðnaðarráðuneytið, 19. febrúar 1991.*

F. h. r.  
**Björn Friðfinnsson,**

*Guðrún Skúladóttir.*